

Árið 2014, miðvikudaginn 18. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er af Sigurði G. Gíslasyni héraðsdómara að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-422/2013:

Ákærvaldið

(Margrét Harpa Garðarsdóttir ftr.)

gegn

Fannari Daða Hreinssyni

(Óskar Sigurðsson hrl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 31. október 2013, er höfðað með þremur ákærum útgefnum af lögreglustjóranum á Selfossi, á hendur Fannari Daða Hreinssyni.

Með ákæru, dags. 13. október 2013, er málið höfðað á hendur ákærða

„fyrir líkamsárás, húsbrot og eignaspjöll

með því að hafa að morgni sunnudagsins 2. desember 2012, að B veist að A, fyrrverandi sambýliskonu og barnsmóður sinni, og slegið í höfuð hennar.

og aftur með því að hafa síðar sama dag, ruðst heimildarlaust og í óleyfi inn í íbúð í fjölbýlishúsinu að C, með því að brjóta gler í útidyraturð, og veist þar að A, tekið hana hálstaki og slegið undir höku hennar,

allt með þeim afleiðingum að A hlaut mar á hægri handlegg, bláma á hægri upphandlegg, hrufi og yfirborðssár á hægri upphandlegg, mar og sár á vinstri upphandlegg og framhandlegg, yfirborðssár framanvert á hálsi, mar og bólgu á enni ofan við vinstra auga og eymsli víða um líkamann.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 217. gr., 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa

Í málinu gerir Jónína Guðmundsdóttir hdl. kröfu f.h. brotþola um að ákærði [sic.] verði með dómi gert að greiða samtals kr. 623.075 í skaðabætur, með vöxtum skv. 1. mgr 8. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu, frá 2. desember 2012 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sbr. 9. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar.“

Þá var málið höfðað með tveimur öðrum ákærum lögreglustjórans á Selfossi, annarri dags. 4. mars 2014 og hinni dags. 12. mars 2014. Var kveðinn upp dómur í málinu 2. apríl 2014 og var framangreindri ákæru dags. 13. október 2013 vísað frá dómi, en dæmt efnislega um hinar tvær.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 251/2014 uppkveðnum 29. apríl 2014 var frávísunin felld úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar að því leyti.

Var málið endurflutt um ákæruna dags. 13. október 2013 þann 28. maí 2014 og var málið tekið til dóms á ný um þá ákæru að loknum endurflutningi.

Afstaða ákærða um að neita sök og hafna einkaréttarkröfu skv. ákæru dags. 13. október 2013 er óbreytt.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar þær kröfur sem að ofan greinir.

Af hálfu bótakrefjanda eru gerðar þær kröfur sem að ofan greinir, þó þannig að ekki er lengur höfð uppi krafa um málskostnað heldur krafa um þóknun vegna skipaðs réttargæslumanns hennar, Jónínu Guðmundsdóttur hdl.

Af hálfu ákærða var við aðalmeðferð lýst þeim kröfum að ákæru dags. 13. október 2013 verði vísað frá dómi, en til vara að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvalds. Þá krafðist ákærði sýknu af einkaréttarkröfu A. Við endurflutninginn var lýst sömu kröfum, þó þannig að aðallega er gerð krafa um að bótakröfunni verði vísað frá dómi en til vara að henni verði hafnað. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða sem greiðist úr ríkissjóði,

sem og annar sakarkostnaður.

Málavextir

Samkvæmt rannsóknargögnum vegna ákæru dags. 13. október 2013 barst tilkynning til lögreglu á Selfossi að morgni 2. desember 2012 um að maður væri að brjóta sér leið inn í íbúðarhúsið að B. Þar var ákærði skráður til heimilis á þeim tíma, ásamt foreldrum sínum, en jafnframt var þar skráð til heimilis brotþoli, A, barnsmóðir ákærða, hér eftir kölluð brotþoli, ásamt barnungum syni þeirra, D. Jafnframt var lögreglu tjáð í síma af Hreini, föður ákærða, að ákærði hefði ekki verið búsettur þar síðustu 3 vikur eftir samvistaslit ákærða og brotþola, en að brotþoli og D væru búsett á heimilinu.

Fór lögregla á vettvang og hitti þar brotþola, D og E og á sama tíma kom ákærði á staðinn. Er m.a. haft eftir brotþola í frumskýrslu að ákærði hafi komið þar að um morguninn og ráðist að henni með höggum og spörkum. Hafi hann tekið hana tökum og slegið í höfuð. Hafi hann veist að henni þar sem hún hafi haldið á barninu og slegið hana ofan á höfuð. Ekki kemur fram í frumskýrslu að E hafi lýst því að ákærði hafi veist að brotþola. Í skýrslunni er haft eftir ákærða að hann hafi veist að brotþola og tekið hana kverkataki. Ekki er lýst í skýrslunni áverkum á brotþola.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu vegna þess atburðar á C sem lýst er í ákæru 13. október 2013 kemur fram að E hafi haft samband við lögreglu á Selfossi kl. 16:40 þann 2. desember 2012 og tilkynnt að ákærði væri kominn að húsinu og væri að ganga á íbúðir til að hafa upp á E. Þegar lögregla kom á staðinn hafi verið brotin rúða í útidyrhurð og glerbrotin innandyra. Innandyra hafi ákærði verið ásamt brotþola og E ásamt drengnum D. Hafi ákærði verið mjög æstur og hafi E haldið honum. Hafi brotþoli staðið hjá mjög skelkuð og drengurinn verið grátandi. Var ákærði handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Er haft eftir brotþola og E að þau hafi orðið vör við að ákærði væri kominn og væri að ganga á íbúðir og hafi hann virst mjög æstur. Hafi hún svo orðið vör við að hann væri kominn upp á hæðina og farið að banka hjá nágranna. Svo hafi hann farið að berja í efstu rúðu útidyrhurðarinnar nokkrum sinnum, en svo farið að sparka í neðstu rúðuna og hún brotnað eftir 4-5 spörk. Hafi þá ákærði teygst sig inn og opnað innan frá og ruðst inn og rokið beint í brotþola sem hafi haldið á drengnum. Ýtt henni inn í eldhús þar sem hann hafi tekið hana kverkataki. E þá gengið á milli og stoppað ákærða sem hafi þá róast lítillega. Aftur hafi ákærði tryllst stuttu seinna og þá slegið brotþola einu höggi á kjálkann vinstra megin. Hafi þá E gripið aftur inn í og haldið ákærða uns lögregla kom. Segir í frumskýrslu að brotþoli vilji kæra líkamsárás og E leggja fram kæru vegna húsbrots.

Í rannsóknargögnum er vottorð F þáverandi læknanema á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, dags. 2. desember 2012, en þar kemur fram að brotþoli hafi í tvígang leitað á bráðamóttöku HSU þann dag. Í fyrra sinnið kemur fram að hún kveðist hafa orðið fyrir líkamsárás af hálfu barnsföður síns. Hafi barnsfaðirinn komið þar sem hún hafi búið hjá foreldrum hans og brotið upp útihurðina. Hann hafi tuskað hana til, slegið hana með krepptum hnefa í andlit og höfuð, lagst ofan á hana með hnén

ofan á bringu hennar. Hafi þetta verið milli kl. 7 og 8 þá um morguninn. Aftur segir að brotapolí hafi leitað á bráðamóttöku um kl. 19. Haft eftir brotapolá að hún hafi aftur orðið fyrir líkamsárás af hálfu ákærða. Hafi hann tekið sig kyrkingartaki og tuskað hana til og hrint henni á skáp. Er því lýst í vottorðinu að við kerfakönnun hafi brotapolí sagst vera aum í öllum skrokknum, verki í rifbein, hafi höfuðverk, sé illt í úlnlið vinstri handar, illt í hnúum hægri handar, enni og kjálka. Þá sé verkur í góm og mjóbaki. Við skoðun komi í ljós mar og blámi á hægri upphandlegg, hruffl og yfirborðssár eftir skarpan hlut á hægri upphandlegg sem hún kveði vera eftir hillu sem henni hafi verið hrint á. Á vinstri handlegg er tilgreint mar og sár á upphandlegg og framhandlegg. Þá segir yfirborðssár framanvert á hálsi og mar og bólga á enni ofan við vinstra auga. Þá eru sögð þreifiefymsli „paravertebralt L2-L4“ en ekki grunur um beinbrot. Eru áverkar ekki greindir eftir því hvort þeir séu raktir til fyrri eða seinni árásar.

Brotapolí gaf skýrslu hjá lögreglu. Kom þar fram að um morguninn 2. desember 2012 hafi ákærði sparkað upp útidyrhurðinni, rífið í hár hennar, sett hana upp við vegg og svo hafi hún legið á gólfinu. Hann hafi öskrað á hana, rífið í fót hennar og sett hnéd í bringu hennar. Þá lýsir hún því að ákærði hafi komið þar sem hún hafi setið með barnið í fanginu og kýlt hana fjórum sinnum í höfuðið. Kvað ákærða hafa sett brotapolá upp að vegg, hrint henni utan í skáp og tuskað hana til. Þá hafi hann kýlt hana með krepptum hnefa ofan á höfuðið fjórum sinnum. Um seinna tilvikið ber brotapolí í skýrslunni að ákærði hafi sparkað u.þ.b. fimm sinnum í rúðu í útidyrhurð á C og hafi hún brotnað við það. Hafi hann brotið sér leið inn í íbúðina. Hafi hann reynt að kyrkja hana, gripið um háls hennar og hún ekki náð að anda, svo gengið með hana inn í eldhús. Þá bar brotapolí að ákærði hafi greint sinn kýlt hana undir hökuna virkilega fast.

Ákærði kvaðst hjá lögreglu hafa ráðist á brotapolá að B tekið hana hálstaki og öskrað á hana. Þá hafi hann slegið hana einu föstu höggi aftan á höfuðið með flötum lófa á meðan hann var inni í húsinu. Að öðru leyti hafi hann ekki ráðist á hana, en hún hafi dottið utan í kómmóðu og mögulega hafi hann rekið olnboga í hana einhvern tíma en það hafi ekki verið viljandi. Vegna seinna tilviksins kvaðst ákærði hafa brotið sér leið inn í íbúðina að C og tekið brotapolá þar hálstaki og slegið hana undir hökuna, en ekki fast.

Við rannsókn málsins var jafnframt tekin skýrsla af E sem var að B umrætt sinn og var jafnframt húsráðandi að C. Lýsti hann því að ákærði hefði ráðist á brotapolá í bæði skiptin og jafnframt að hann hafi brotið sér leið inn á heimili vitnisins að C. Er haft eftir vitninu að hann segist fara fram á refsingu í málinu.

Framburður við aðalmeðferð

Hér verða aðeins raktir framburðir við aðalmeðferð að því leyti sem þeir snerta sakargiftir í ákæru 13. október 2013.

Ákærði skýrði svo frá við aðalmeðferð að hann og brotapolí hafi verið hætt saman þegar atvik þau gerðust sem um er fjallað í ákæru dags. 13. október 2013. Hafi hann samt átt heima að B og alltaf verið þar með lögheimili, en ekki hún. Hún hafi skipt um lás á húsinu í leyfisleysi. Verið þar inni með öðrum manni, sem sé

óforsvaranlegt að mati ákærða, en foreldrar hans búi þarna. Við það hafi ákærði reiðst og farið inn og maðurinn hafi ráðist á hann með hníf. Sýndi ákærði ummerki eftir átök við manninn á líkama sínum í réttinum. Hafi þeir slegist. Hafi brotþoli orðið einhvern vegin á milli og dottið á eikarkommóðu við klósetthurðina. Kvaðst ekki muna þetta nákvæmlega. Hafi þau tekið saman fljótlega eftir þetta og hafi það staðið í meira en hálf ár. Ákærði hafi ekki ráðist á hana og ekki slegið til hennar, enda aldrei lagt á hana hendur, en hann hafi reiðst mjög, enda hafi brotþoli verið nýbúin að biðja hann um að giftast sér. Ákærði kvaðst hafa vitað að hún væri að hitta þennan mann og hann hétu E. Ákærði kannaðist við að hafa gefið framburð hjá lögreglu en myndi ekki vel hvað hann hefði sagt. Kvaðst telja mjög ósennilegt að hafa slegið brotþola umrætt sinn. Kannaðist við að hafa slegið laust með flötum lófa aðeins í hnakkann á brotþola, en ekki fast. Kannaðist ekki við að hafa tekið brotþola hálstaki. Kvað brotþola aðallega hafa verið reiða. Erindi ákærða á B umrætt sinn hafi verið að skila syni þeirra, sem hafi verið úti í bíl á meðan. Brotþoli hafi farið út og sótt drenginn meðan ákærði hafi enn verið að kljást við E. Ákærði hafi svo farið, mætt lögreglunni, snúið við og farið á eftir henni og rætt við hana. Vegna atviksins á C síðar sama dag kvað ákærði að hann hafi verið á rúntinum á L. Séð þá bíl í sinni eigu, sem móðir ákærða hafi verið skráð fyrir, fyrir utan C. Litið upp og séð á þriðju hæð að brotþoli og E, með barnið, hafi verið að ganga inn. Hafi fokið í ákærða við þetta. Hafi hann farið til þeirra og opnað dyrnar með miklum látum þannig að það hafi brotnað rúða, en það hafi þó ekki verið ætlunin. Hurðin hafi skolið upp og rúðan brotnað við það. Að líkindum hafi hurðin verið ólæst. Hafi ákærði talað við brotþola. Hafi ákærði ekki verið með nein sérstök læti. E hafi falið sig inni á klósetti og hringt á lögreglu og svo hafi ákærði verið handtekinn. Vegna framburðar síns hjá lögreglu um þetta kvaðst ákærði hafa sagt að rúðan hafi brotnað þegar hann hafi verið að opna með látum. Ekki hafi honum verið boðið inn. Hann hafi farið inn vegna þess að barnið hans hafi verið þarna í óleyfi og brotþoli hafi áður verið látin vita að hún ætti ekki að vera með barnið þarna meðan ákærði væri svona reiður, en hún eigi vanda til þess að gera allt sem hún viti að hann vilji ekki að hún geri. Kvaðst ákærði ekki hafa vitað nákvæmlega hver ætti heima þarna fyrst en strax hafi komið í ljós að E ætti heima þarna. Kvaðst hafa séð þau fara inn í íbúðina og þannig vitað hvar þau væru. Ákærði hafi gert sér grein fyrir að honum hafi ekki verið boðið þarna inn. Hann hafi aðallega verið að sækja drenginn. Hann hafi bara viljað fá drenginn og fara með hann út. Ekki hafi komið til neinna átaka og hafi bara verið orðaskipti. Vegna framburðar síns hjá lögreglu kvaðst ákærði ekki hafa slegið brotþola en tekið eitthvað í hana. Kannaðist ekki við að hafa slegið brotþola undir höku og kvaðst ekki vita skýringu á framburði í lögregluskýrslu um það. Gæti mögulega hafa rekist í höku brotþola. Ekki mundi ákærði eftir því að hafa tjáð sig um þetta á annan veg fyrir dómi við fyrirtöku kröfu um nálgunarbann. Ekki mundi ákærði eftir að hafa sparkað upp hurðinni á C en hann hafi tekið í húninn. Rúðan hafi brotnað og fannst ákærða það hafa gerst þegar hurðin hafi skolið í vegginn.

Engan ásetning kvaðst ákærði hafa haft til að skaða brotþola.

Ákærði lýsti því að hann sækti tíma hjá sálfræðingi á Litla Hrauni og væri að ná tókum á lífi sínu.

Vitnið A, brotþoli, barnsmóðir og fyrrverandi sambýliskona ákærða, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hún hafi komið heim til foreldra ákærða að B, þar sem hún hafi búið, en hún hafi gist annars staðar um nóttina. Hafi

hún fengið E, sem hún hafi verið að hitta á þessum tíma, með sér því hún hafi allt eins átt von á ákærða og leiðindum. Ákærði hafi svo komið og sparkað upp hurðinni og rokið inn. Hafi hann öskrað á hana. Hafi ákærði gripið um hausinn á henni og skellt henni utan í vegg, nokkuð fast og hafi hún fengið kúlu. Næst muni hún að hafa legið í gólfinu og ákærði ofan á henni með hnéd í bringuna á henni og verið að tuska hana eitthvað til. Þá hafi E rífið ákærða af henni. Hafi þeir rifist. Hafi hún farið út í bíl og sótt barnið. E hafi verið með hníf þegar hún hafi komið aftur inn. Hún hafi farið inn í herbergi með barnið og lokað. Svo hafi ákærði komið inn í herbergið og kýlt ofan á hausinn á henni þrisvar sinnum eða svo. Þeir hafi rifist meira og svo hafi ákærði farið. Þá hafi lögreglan komið. Ákærði hafi kýlt hana undir hökuna eftir að hún hafi staðið upp. Svo hafi ákærði kýlt hana ofan á hausinn rétt áður en hann hafi farið. Hún kvaðst hafa meitt sig og verið mjög hrædd. Ákærði hafi verið mjög æstur. Hún hafi farið til E eftir þetta þar sem ákærði hafi ekki vitað hvar hann ætti heima. Seinni partinn, þegar þau hafi verið heima hjá E, hafi verið læti og E litið út um gluggann og séð ákærða að banka á allar íbúðir að leita að þeim. Hafi E strax hringt á lögreglu. Nágranni hafi upplýst ákærða hvar E ætti heima og hafi þá ákærði farið að hamast á hurðinni og sparkað í neðstu rúðuna þangað til hún hafi brotnað. Þá hafi ákærði teygt sig í lásinn og opnað sjálfur og komið inn. Þá hafi vitnið verið í eldhúsinu með barnið og verið komin á gólfid og vonað það besta. E hafi stoppað ákærða þegar hann hafi komið inn. Þeir hafi rifist og ákærði verið að hóta einhverju. Hafi ákærði viljað taka barnið. Hafi vitnið rétt ákærða drenginn en hann ekki viljað vera hjá ákærða og vitnið þá tekið drenginn aftur. Hafi ákærði kýlt hana undir hökuna með hnefa og það hafi verið mun fastara högg en fyrr um daginn í B og hafi hún þá haldið á barninu á handleggnum. Ákærði hafi stuttu síðar tekið hana hálstaki og verið að kyrkja hana, en ekki mundi hún hvort hún hafi þá haldið á drengnum. Hún hafi ekki náð andanum og E hafi tekið ákærða af henni og í sömu andrá hafi lögreglan komið og handtekið ákærða. Kvaðst vitnið líða mjög illa og vera á róandi lyfjum og vera hrædd og kvíðin. Kvaðst aðspurð ekki vera undir áhrifum við skýrslugjöfina en vera stressuð og taka lyf sem virki allan sólarhringinn. Kvaðst muna eftir að hafa lent utan í hillu í B þegar hún hafi dottið. Mundi ekki á hvora hliðina hún hafi dottið, en hún hafi meitt sig. Vissi ekki hvaðan E hafi fengið hnífinn en hann hafi líklega verið með hann. Aðspurð kvaðst vitnið hafa séð ákærða sparka í hurðina á C. Hún hafi dottið utan í innréttingu þegar ákærði hafi tekið sig hálstaki á C Ekki hafi E og ákærði tekist á á C. Kvaðst vitnið hafa misst tvo-þrjá daga úr vinnu eftir þetta og ekki fengið laun vegna þeirra. Vitnið kvaðst vera hætt að vinna vegna vanlíðunar eftir atvik milli hennar og ákærða í janúar 2014. Hún hafi ekki spáð í hvort ákærði hafi verið undir áhrifum en hann hafi verið voða reiður.

Vitnið E kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hann hafi fylgt brotþola heim 2. desember 2012 því hún hafi verið hrædd þar sem ákærði hafi verið að koma með barn þeirra. Þetta hafi verið snemma morguns. Hafi hún beðið vitnið að bíða í stofunni svo að ákærði sæi hann ekki. Svo hafi ákærði komið og byrjað á að brjóta upp útidyrhurðina. Svo ráðist á brotþola. Vitnið hafi togað ákærða af henni þegar hann hafi verið að berja hana. Þeir hafi tekist á. Vitnið hafi haft hníf og sagt ákærða það, en ekki hafi hann beitt vopninu. Ákærði hafi brotið muni og hent niður myndum. Barnið hafi verið úti í bíl hjá ákærða og hafi brotþoli farið og sótt það. Hafi ákærði lamið brotþola meðan hann hafi haldið á drengnum. Hafi vitnið svo ýtt ákærða fram og hafi ákærði farið fljótlega eftir það. Þau hafi þá hringt á lögreglu. Nánar aðspurður kvað vitnið að ákærði hafi legið klofvega yfir eða ofan á brotþola og verið að kýla hana með krepptum hnefum í sitt hvora

hliðina. Hafi hann náð a.m.k. tveimur til þremur höggum áður en vitnið hafi náð að stöðva þetta. Svo þegar ákærði hafi lamið brotþola þegar hún hélt á barninu hafi ákærði lamið hana með krepptum hnefa ofan á hausinn. Kannaðist ekki við að ákærði hafi þá slegið undir höku brotþola. Brotþoli hafi ekki blandast inn í átök sem hafi orðið milli vitnisins og ákærða. Kannaðist ekki við að brotþoli hafi dottið utan í hillu í B. Ákærði hafi verið mjög æstur og „upptjúnaður“, verið óeðlilega æstur. Verið ákærði virst í annarlegu ástandi. Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna eftir að hafa séð áverka á brotþola eftir þetta. Hafi þau farið á lögreglustöð og til læknis og svo heim til vitnisins. Seinni partinn, á að giska um fjögurleytið, hafi vitnið orðið var við hávaða og hurðaskelli í blokkinni. Hafi litið út og séð þá spegilmynd ákærða í gleri og hafi hann greinilega verið að leita að vitninu. Hafi vitnið hringt á lögreglu. Hafi ákærði svo brotið upp hurðina eða sparkað neðstu rúðunni úr hurðinni og brotið hana. Ekki hafi vitnið séð þetta, en hafi heyrt þetta. Hafi ákærði svo opnað dyrnar og gengið inn í íbúðina. Hafi ákærði byrjað á að ráðast á brotþola. Hafi vitnið strax skorist í leikinn og stoppað ákærða sem hafi verið rosalega æstur. Hafi ákærði sagst vera að vara vitnið við því að félagar ákærða væru á leiðinni til vitnisins að lemja vitnið. Hafi ákærði aftur ætlað að ráðast á brotþola og náð a.m.k. einu höggi á kinn brotþola, sjálfsgagt nokkuð föstu, áður en vitnið hafi stoppað þetta. Mundi ekki eftir að hafa séð ákærða slá brotþola undir hökuna. Vitnið hafi ýtt ákærða inn í eldhúsið og þá hafi lögregla komið á staðinn og yfirbugað ákærða. Aðspurður um hvaða ofbeldi hann hafi séð ákærða beita brotþola á C kvaðst vitnið hafa séð ákærða hlaupa að henni og rífa í hana og svo síðar kýlt í andlitið á henni. Hafi brotþoli haldið á drengnum á meðan ákærði hafi kýlt hana. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þegar ákærði hafi komið inn í íbúðina en þá hafi vitnið verið á baðherberginu. Hafi verið gler út um allt í forstofunni. Þegar ákærði hafi komið inn hafi brotþoli verið mitt á milli stofu og eldhúss. Ekki hafi vitnið séð greinilega áverka á brotþola eftir atvikið á C. Mundi ekki eftir að hafa séð ákærða taka brotþola hálstaki en hann hafi tekið eitthvað í hendur hennar og fót. Ekki kannaðist vitnið við að brotþoli hafi dottið á C. Kvaðst ekki hafa tekið eftir áverkum á brotþola eftir atvikið á C. Vitnið staðfesti skýrslu sína hjá lögreglu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða berja eða sparka í hurðina, hann hafi einungis heyrt það. Hafi ákærði greinilega barið í efstu rúðuna í hurðinni og hafi það heyrst greinilega. Vitnið kvað útihurðina hafa verið læsta. Hægt sé að teygja sig gegnum neðstu rúðuna brotna og opna innan frá. Aðspurður kannaðist vitnið við frásögn sína í skýrslu að ákærði hafi tekið brotþola hálstaki strax eftir að hann kom inn í íbúðina á C og hafi vitnið séð þetta. Kvað vitnið þetta rifjast upp fyrir sér við að vera spurður út í lögregluskýrsluna og sjá þetta skýrt fyrir sér. Kvað vitnið rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu að ákærði hafi slegið brotþola undir höku og kvaðst muna þetta nú. Hafi þetta verið með krepptum hnefa. Kvaðst vitnið nú muna það sem það hafi lýst í lögregluskýrslu sinni, eftir að hafa verið kynnt það. Greinilega hafi vitnið ekki munað nógu vel fyrr í skýrslugjöfnum þegar vitnið hafi lýst höggi á kinn.

Vitnið G kom fyrir dóm við aðalmeðferð og skýrði frá því að hann kannaðist við ákærða en þekkti hann ekki beint. Ákærði hafi bankað upp á heima hjá vitninu á C. Hafi unnusta vitnisins svarað. Hafi verið spurt um einhvern dreng. Svo hafi ákærði bankað aftur og þá hafi vitnið farið til dyra. Hafi ákærði spurt hvort vitnið vissi hvar íbúð 302 væri. Hafi vitnið svarað því og bent ákærða þangað. Örskömmu síðar hafi heyrst öskur og brothljóð og læti. Síðan hafi barnsgrátur bæst við og hafi þá vitnið ákveðið að hringja á lögreglu. Ekki hafi vitnið séð ákærða ganga að íbúðinni. Ákærði hafi virst rólegur og verið kurteis. Þetta hafi verið um kvöldmatarleytið

sennilega. Ekkert hafi vitnið skipt sér frekar af þessu.

Vitnið H lögreglumaður kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hann rámaði í atvik 2. desember 2012. Um hafi verið að ræða tvö atvik, fyrst í B. Hafi verið hringt á lögreglu og óskað aðstoðar vegna manns sem hafi komið og sparkað niður hurð og ráðist á fólk. Við komu á staðinn hafi sést ummerki um átök. Hafi lögregla hitt brotþola og mann að nafni E. Hafi sá verið eitthvað blóðugur á fingri og sagt að það hafi verið eftir hníf sem hann hafi verið með. Ákærði hafi komið á staðinn og verið mikill hiti milli manna. Hafi brotþoli og E sagt á staðnum að ákærði hafi komið og hjólað í brotþola. Hafi E sagst hvorki hafa beitt hnífnum né ógnað með honum. Hafi málin verið sjötluð á staðnum. Ákærði farið sína leið og þau hin orðið eftir. Vegna seinna tilviksins kvað vitnið að E hafi hringt og sagt að ákærði væri kominn að húsinu og væri að leita að þeim. Skömmu síðar hafi komið símtal frá nágranna sem hafi sagst hafa heyrt brothljóð, öskur og læti. Þegar lögregla hafi komið á staðinn hafi verið brotin rúða í opinni útidyrhurð og ákærði og E staðið upp við eldhúsvaskinn. Brotþoli hafi verið í stofu með grátandi barn. Hafi ákærði verið handtekinn. Brotþoli hafi virst vera hrædd og ákærði æstur. Ekki gat vitnið sagt til um hvort fólk hafi verið undir áhrifum. Staðfesti vitnið lögregluskýrslu sem vitnið vann.

Vitnið I lögreglumaður kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og bar um það að hafa komið að málum 2. desember 2012. Fyrst hafi verið kallað á lögreglu í B á heimili foreldra ákærða. Við komu lögreglu hafi ákærði verið farinn en brotþoli og E verið inni. Hafi verið daldið á rúu og stúi innandyrna. Svo hafi ákærði komið. Á endanum hafi málinu lokið á staðnum með því að ákærða hafi verið vísað á burt og hann lofað að haga sér. Ákærði hafi sagt að hann hafi verið að koma með son þeirra brotþola til hennar og ræða við hana. Hafi ákærði viðurkennt að hafa tekið brotþola kverkataki eða eitthvað svoliðis. Hafi ákærði virst vera rólegur og séð eftir því að mál væru komin í þessa stöðu og verið svekktur og sár út í brotþola og vantreyst E vegna sonar síns. Seinni part sama dags hafi E hringt heiman frá sér á C þar sem þau hafi þá verið og hafi hann sagt að ákærði væri fyrir utan að ganga á íbúðir og væri að leita þeirra. Jafnframt hafi íbúi hringt á lögreglu. Hafi lögregla farið á staðinn og þegar vitnið kom á staðinn hafi aðrir lögreglumenn verið komnir og búnir að handtaka ákærða sem hafi verið fluttur á stöð. Hafi brotþoli og E sagt að ákærði hafi komið og gengið eitthvað í skrokk á brotþola. Hafi E haldið ákærða þar til lögregla kom. Neðsta rúðan í útidyrhurðinni á C hafi verið brotin. Ekki vissi vitnið hvort útihurðin hafi verið læst eða ekki.

Vitnið J fyrirverandi lögreglumaður kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hafa komið að málum 2. desember 2012 á C. Hafi vitnið komið eftir að brotist hafi verið inn í íbúðina. Hafi þeir sótt ákærða og farið með hann á lögreglustöð. Eftir það hafi vitnið sótt bifreið ákærða að hans ósk og farið með hana á lögreglustöð. Neðsta rúða í útihurð hafi verið brotin. Hafi ákærði verið í eldhúsi og sóttur þangað. Ekki hafi vitnið rætt við fólk á vettvangi. Ákærði hafi verið æstur þegar vitnið kom á vettvang, en aðrir rólegri, sérstaklega E

Vitnið F læknakandidat gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð. Kom fram að brotþoli A hafi leitað á bráðamóttöku á L í tvígang þann 2. desember 2012, fyrst að morgni til og seinna um kl. 19. Kvaðst hafa orðið fyrir líkamsárás af hálfu barnsföður, hafi sagst búa hjá foreldrum hans og hann hafi komið þangað og brotið upp útidyrhurð og tuskað hana til og slegið með krepptum hnefa í andlit og höfuð

og lagst ofan á hana með hnén í bringu hennar. Við skoðun verið marín og blá á hægri upphandlegg, með hrufl og yfirborðssár á hægri upphandlegg eftir skarpan hlut sem hún hafi sagt vera eftir hillu sem henni hafi verið hrint á. Á vinstri handlegg hafi verið mar og sár, bæði upp- og framhandlegg. Yfirborðssár eða roðarönd þvert yfir framanvert á hálsi, og mar og bólgu á enni ofan við vinstra auga. Þreifíeymsli „paravertebralt“ eða sitthvoru megin við hryggsúlu í lendhrygg en ekki hafi verið grunur um beináverka. Allir áverkarnir hafi komið fram við skoðun í seinna skiptið. Ekki hafi verið ástæða til að rengja það að allir áverkarnir væru til komnir þennan sama dag. Hafi t.a.m. ekki verið kominn gróandi í yfirborðsáverkana og ekki komið fram mar. Aðspurður kveðst vitnið hafa verið læknanemi á umræddum tíma, staddur á sjötta ári náms. Ekki mundi vitnið til að eldri sjúkrasaga hefði verið könnuð.

Vitnið K heimilislæknir gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð og skýrði frá því að brotþoli A hafi komið til sín og liðið mjög illa og verið kvíðin yfir því að gefa skýrslu fyrir dómi að ákærða viðstöddum. Hafi vitnið útbúið vottorð um þetta. Kom fram að vitnið hafi hitt brotþola a.m.k. 3-4 sinnum þannig að framburður vitnisins væri ekki einungis byggður á einu viðtali.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 251/2014 er háttsemislýsing ákæru nægilega skýr til að um hana verði dæmt og skv. dóminum er einnig fullnægt skilyrðum til málshöfðunar vegna húsbrots og eignaspjalla. Verður ekki frekar fjallað um það.

Við aðalmeðferð bar ákærði um það að á B greint sinn hafi hann slegið laust með flötum lófa á hnakkann á brotþola, en kveður það ekki hafa verið fast.

Vitnið A, brotþoli, bar um það við aðalmeðferð að á B hafi ákærði kýlt ofan á höfuð hennar þrisvar sinnum eða svo.

Vitnið E lýsti því við aðalmeðferð að ákærði hafi, á B, lamið brotþola með krepptum hnefa ofan á hausinn.

Við aðalmeðferð lýsti ákærði því að hann hafi farið inn í umrædda íbúð að C og opnað dyrnar með miklum látum og hafi hurðin skallið í vegginn og brotnað við það, en ekki hafi ætlun hans verið sú að brjóta rúðuna. Kannaðist við að honum hafi ekki verið boðið inn. Kannaðist ákærði ekki við að hafa slegið undir höku brotþola en hann hafi tekið eitthvað í hana og gæti mögulega hafa rekist í höku hennar. Annars hafi ekki komið til átaka á C.

Vitnið A lýsti því við aðalmeðferð að á C hafi ákærði komið og farið að hamast á hurðinni og sparkað í neðstu rúðuna uns hún hafi brotnað, en þá hafi hann opnað sjálfur og komið inn. Ákærði hafi kýlt hana undir hökuna með hnefanum og stuttu síðar tekið hana hálstaki og hafi hún þá dottið utan í innréttingu.

Vitnið E, húsráðandi á C, lýsti því við aðalmeðferð að ákærði hafi komið umrætt sinn og brotið upp hurðina eða sparkað neðstu rúðunni úr henni og svo komið inn.

Hafi ákærði byrjað á að ráðast á brotaþola, en vitnið strax skorist í leikinn. Aðspurður um hvaða ofbeldi hann hefði séð ákærða beita brotaþola umrætt sinn kvað vitnið að ákærði hafi hlaupið að henni, rífið í hana og kýlt hana í andlitið. Þá hafi hann tekið í hendur hennar og föt. Kannaðist líka við að ákærði hafi tekið brotaþola hálstaki. Kvaðst muna það líka að ákærði hafi slegið brotaþola undir höku með krepptum hnefa.

Vitnið G lýsti því að ákærði hafi komið á C og verið að leita að íbúð í húsinu og verið beint þangað. Skömmu síðar hafi heyrst brothljóð, öskur og læti og barnsgrátur í kjölfarið.

Lögreglumennirnir H, I og J fyrrverandi lögreglumaður lýstu aðkomunni á B og C, en enginn þeirra sá ákærða hafi í frammi þá háttsemi sem honum er gefin að sök, en greinilegt var að eitthvað hafi gengið á og lýstu þau t.a.m. öll brotinni rúðu í útidyrhurð á C.

Vitnið F lækna­kandidat staðfesti læknisvottorð sitt og kvað enga ástæðu til að rengja að allir áverkarnir á brotaþola hafi komið til þennan dag.

Vitnið K heimilislæknir staðfesti vottorð sitt og að brotaþoli A hafi komið til sín og liðið mjög illa.

Það er álit dómsins að með framanlýstum framburðum og gögnum málsins sem rakin hafa verið, þ. á m. vottorði F lækna­kandidats, sé sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í framangreindri ákærðu og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða. Þykir vera hafið yfir skynsamlegan vafa að áverkar á brotaþola, sem nánar greinir í ákæru, séu allir tilkomnir vegna árása ákærða á hana.

Hefur ákærði unnið sér til refsingar.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða hófst sakaferill hans á árinu 2005 er honum var gerð fjársekt fyrir ávana- og fíkniefnabrot, en tvær slíkar hefur hann fengið til viðbótar, þ.e. á árunum 2006 og 2007. Þá var ákærði sektaður fyrir of hraðan akstur og akstur án þess að hafa ökuskráteini sitt meðferðis á árinu 2006, auk þess að vera sektaður sama ár fyrir akstur sviptur ökurétti. Þá var ákærði sektaður fyrir þjófnaðarbrot á árinu 2007. Loks var ákærði dæmdur til að greiða 200.000 kr. fjársekt þann 7. júní 2012 fyrir brot gegn 44. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 og önnur umferðarlagabrot. Þá var með fyrri dómi í máli þessu, þann 2. apríl 2014, ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 5 mánuði, þar af voru 3 mánuðir skilorðsbundir í 2 ár, auk fêsektarrefsingar og ökuréttarsviptingar.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir endurteknar líkamsárásir gagnvart barnsmóður sinni og fyrrverandi sambýliskonu, auk annarra brota. Við ákvörðun refsingar þykir bera að líta til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk 3. mgr. 70. gr. sömu laga, en jafnframt þykir mega líta til töluliða nr. 6 og 8 í 1. mgr. 70. gr. laganna, en ásetningur ákærða til ófriðar gagnvart brotaþola þykir hafa verið styrkur og einbeittur auk þess að framferði hans eftir brotin hefur ýmist borið merki iðrunar eða forherðingar.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð og eru ekki efni til frekari skilorðsbindingar.

Í einkaréttarkröfu brotþola A vegna atvika sem lýst er í framangreindri ákæru 13. október 2013 segir að ákærði hafi gerst sekur um sérlega fólksulega líkamsárás og valdið brotþola líkamstjóni. Hafi þetta haft í för með sér óþægindi og röskun á daglegu lífi og högum brotþola. Hafi árásin verið tilefnislaus og fyrirvaralaus og beinst að höfði og andliti. Er vísað til 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem og sakarreglunnar. Þykir brotþoli eiga rétt til miskabóta úr hendi ákærða. Að virtum atvikum og sambandi ákærða og brotþola þykja miskabæturnar hæfilega ákveðnar kr. 150.000. Þá hefur brotþoli krafist bóta fyrir tímabundið atvinnutjón þar sem hún hafi verið frá vinnu vegna atvikanna 2. desember 2012. Hefur verið lagður fram tölvupóstur frá [...] þar sem staðfest er að brotþoli hafi verið frá vinnu dagana 1. – 4. desember 2012 í kjölfar líkamsárásar. Á þeim tíma hafi hún fengið greidda tvo daga frá vinnuveitanda en ekki 8 klukkustundir í dagvinnu og 8 klukkustundir í yfirvinnu. Segir að dagvinnulaun hafi verið kr. 1.090,89 og yfirvinnulaun kr. 1.527,18. Ekki segir hvort brotþoli hafi verið frá vinnu til og með 4. desember eða aðeins til 4. desember. Þá er óljóst hvernig 1. desember og fjarvera brotþola frá vinnu þann dag tengist broti ákærða, sem var framið að morgni 2. desember 2012. Þykir þessi kröfuliður svo vanreifaður að óhjákvæmilegt er að vísa honum frá dómi með hliðsjón af e-lið 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 sbr. c-lið 2. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Dæmdar bætur skulu bera vexti eins og í dómsorði greinir, en ekki liggur fyrir að ákærða hafi verið kynnt bótakrafan fyrr en með því að skipuðum verjanda hans var kynnt hún í þinghaldi 19. desember 2013.

Samkvæmt 218. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar. Með fyrri dómi í málinu var dæmt um sakarkostnað og var ekki hróflað við því með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 251/2014. Er þá aðeins um að tefla málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða vegna endurflutnings málsins, sem og þóknun skipaðs réttargæslumanns vegna hins sama og þykir hvort tveggja hæfilega ákveðið kr. 150.000 að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Fannar Daði Hreinsson, sæti fangelsi í einn mánuð.

Ákærði greiði A, kr. 150.000 með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. desember 2012 til 19. janúar 2014, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði alls kr. 300.000 í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Óskars Sigurðssonar hrl. kr. 150.000 að meðtöldum virðisaukaskatti og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Jónínu Guðmundsdóttur hdl., kr. 150.000 að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sigurður G. Gíslason